

Erindi sent til Bæjarstjórnar Akraness.

Efni: Umsókn um aðstöðu í skemmu í eigu Akranesbæjar að Faxabraut 10 (Gula skemman)

Með bréfi þessu óskar Björgunarfélag Akraness (BA) eftir að fá skilgreint geymslupláss fyrir búnað og tæki Björgunarfélagsins í vöruskemmu að Faxabraut 10. Þörf BA er aðstaða sem væri a.m.k. 12 metra djúp, (frá innkeyrsluhurð inn í gafl, lengd á bát og kerru) og 18 metra breið. (Breidd báts auk óveðurstrukks og aðstaða fyrir sjóflokk).

Nánari útskýring á beiðni:

Undanfarin ár hefur Björgunarfélag Akraness lagt áherslu á að vera vel tækjum búin til að takast á þau verkefni sem geta komið borð sveitarinnar. Til viðbótar við hefðbundnari tækjakost hefur sveitin bætt minni tækjum í flórana, svo sem sexhjólum og svokölluðum sjóskíðum. Þessar nýju viðbætur hafa reynst mjög vel. Þar að auki á sveitin plássfrekari og sérhæfðari búnað, svo sem snjóbíll, óveðurstrukk og harðbotna slöngubát. Allt eru þetta gríðarlega mikilvæg tæki í ákveðnum aðstæðum.

Fyrir velvild Akranesbæjar hefur BA fengið að geyma björgunarbátinn í skemmunni síðasta vetur og svo aftur þennan vetur. En ljóst er að ekki fer vel um bátinn þar sem fullt af öðru dóti er utan í honum og ýmsir hafa aðgengi að rýminu. Starfsfólk Akranesbæjar hefur aðstoðað BA við að láta þetta ganga og gætir að bátnum eins og hann sé þeirra eigin. Fyrir það erum við mjög þakklát.

Það yrði því mikill stuðningur við björgunarstarf á Akranesi ef BA gæti fengið aðstöðu fyrir Óveðurstrukk og harðbotna slöngubátinn í Gulu skemmunni á Faxabraut. Með því myndast betra rými fyrir önnur tæki á Kalmansvöllum auk þess sem viðbragðstími í sjóútköll gæti styst.

Með vinsemd og virðingu

Fyrir hönd stjórnar Björgunarfélags Akraness

Samúel Þorsteinsson formaður

